

**Útfararstofa kirkjugarðanna ehf, Útfararþjónusta borgarinnar ehf, Útfararmiðstöðin,
Útfararstofa Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna
gera með sér svofellt
samkomulag
um greiðslur til söngvara starfandi við útfarir.
Gildir frá 1.8. 2021**

Fj.	Söngvarar	Laun	Undirbún.	Líf.s.j.	Trygg-gjald	Sjúkra og orlofss.j.	Fata-gjal	Orlof	Bifr. Gjald	Samt. á	Umsj. Gjald	Samt.
				8,00%	6,10%	1,25%		10,17%				
1	Einsöngur	33.653	1.575	2.818	2.576	440	160	3.583	1.117	45.922	0	45.922
2	Dúett	25.240	1.575	2.145	1.963	335	160	2.727	1.117	35.262	0	70.525
3	Trío	22.447	1.575	1.922	1.760	300	160	2.443	1.117	31.723	15.457	110.626
4	Quartett	18.512	1.575	1.607	1.473	251	160	2.043	1.117	26.737	15.457	122.404
5	Söngvarar	16.834	1.575	1.473	1.351	230	160	1.872	1.117	24.611	15.457	138.513
6	Söngvarar	15.935	1.575	1.401	1.285	219	160	1.781	1.117	23.473	15.457	156.293
7	Söngvarar	15.577	1.575	1.372	1.259	214	160	1.744	1.117	23.019	15.457	176.586
8	Söngvarar	15.300	1.575	1.350	1.239	211	160	1.716	1.117	22.667	15.457	196.795
9	Söngvarar	14.535	1.575	1.289	1.183	201	160	1.638	1.117	21.698	15.457	210.739
10	Söngvarar	14.171	1.575	1.260	1.157	197	160	1.601	1.117	21.238	15.457	227.833
11	Söngvarar	13.817	1.575	1.231	1.131	192	160	1.565	1.117	20.789	15.457	244.133
12	Söngvarar	13.472	1.575	1.204	1.106	188	160	1.530	1.117	20.351	15.457	259.669
13	Söngvarar	13.135	1.575	1.177	1.081	184	160	1.496	1.117	19.924	15.457	274.473
14	Söngvarar	12.806	1.575	1.150	1.057	180	160	1.463	1.117	19.508	15.457	288.572

2. gr. Helgarvinnuálag

Laugardaga og sunnudaga greiðist 42% álag á launaliði.

3. gr. Mæting

Söngvari skal mæta til starfa 15 mín fyrir athöfn. Þurfi söngvari að mæta fyrir eða á séræfingu greiðist samkvæmt 6. gr.

4. gr. Ákvæði um einsöng

Taxti einsöngvara miðast við 2 lög. Sé söngvari beðinn um að syngja fleiri lög hækkar gjaldið um 20% eða kr. 9.184,-.

Um annað skal samið sérstaklega.

5. gr. Hækkanir á samningstíma

a) Ofangreind launatafla tekur gildi 1. febrúar 2007 með grunnlaunavísitölu í desember 2002, 228,7 stig, vísitölu í des 2005 273,9, desember 2006 300,8 stig, desember 2007 326,6 stig, desember 2008 353,6 stig, desember 2009 366,5 stig, júní 2010 378,3 stig, desember 2010 383,1 stig og í júní 2011 405 stig, í desember 2011 418,2 stig.

Júní 2012 433,1 stig, desember 2012 437,7 stig. Júní 2013 457,8 stig. Des 2013 463,8. Júní 2014 482,7 stig. Des.2014 494,6. Júní2015 517,1. Des. 2015 542,7. Júní 2016 581,6. Des. 2016 592,2. Júní 2017 623,8.

Des. 2017 632,8. Júní 2018 660,9. Des. 2018 670,7. Júní 2019 689,3. Des.2019 700,7 stig. Júní 2020 735,7 stig. Des.2020 751,2. Júní 2021 792,7

b) 1. janúar 2004 3%

c) 1. janúar 2005 3%

- e) Samningurinn fylgir launavísitölu og skulu laun uppreiknuð á 6 mánaða fresti, janúar og júlí ár hvert.
f) Tryggingagjald er samkvæmt ákvörðun Ríkisskattstjóra.

6. gr. Séræfingar vegna umfangs

Þurfi söngvari að mæta á æfingu vegna athafnar þar sem tónlistarflutningur er sérstaklega umfangsmikill eru æfingarlaun 50% af launum söngvara í 14 manna kór (samkv. launatöflu). Á hverja æfingu reiknast 1 klst í undirbúning og heimavinnu.

7. gr. Kistulagningar og söngur í garði

Við kistulagningu/söng í garði greiðist hverjum söngvara samkvæmt launum söngvara í 14 manna kór kr.19.508,-

8. gr. Laun umsjónarmanna

Laun umsjónarmanns kóra eru kr. 15.457 á athöfn. Umsjónargjald reiknast ekki á einsöng, dúett, kistulagningar og söng í garði

9. gr. Ferðir

Þurfi söngvari að ferðast milli sveitarfélaga (utan höfuðborgarsvæðisins) reiknast laun á klst. samkvæmt 50% af Launum söngvara í 14 manna kór (launaliður án undirbúnings) meðan á ferð stendur. Vegna notkunar á eigin bifreið söngvara greiðist samkvæmt ákvörðun RSK um bifreiðakostnað á km.

10. gr. Önnur atriði

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað í lausavinnusamning Félags íslenskra hljómlistarmanna.

11. gr. Gildistími:

Samkomulag þetta gildir frá 1.3.2003 til 31.12.2006 og framlengist um eitt ár í senn hafi því ekki verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

12. gr. Ágreiningur

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Félagsdómi.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Reykjavík 13 /2 2003

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

F.h. Útfararstofu kirkjugarðanna

F.h. Útfararþjónustu borgarinnar ehf

F.h. Útfararmiðstöðvarinnar ehf

F.h. Útfararstofu Íslands